

# FRÉTTABRÉF

## LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

Janúar 2015

Þann 31. desember 2014 voru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði Rangæinga um 9845 og stærð sjóðsins um 8,3 milljarðar

## NÝ AÐALSTJÓRN

### LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

Ársfundur Lífeyrissjóðs Rangæinga var haldinn þann 15. maí sl. Fundurinn fór vel fram og var mæting ágæt. Már Guðnason, lét nú af störfum í stjórn sjóðsins. Eru honum færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín í þágu sjóðsins og sjóðfélaga nú um langt skeið. Í stað Márs var Guðrún Elín Pálsdóttir kjörin sem nýr fulltrúi frá Verkalýðsfélagi Suðurlands.

Aðalstjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga er nú þannig skipuð:

- ▶ Óskar Pálsson, formaður stjórnar
- ▶ Heimir Hafsteinsson, varaformaður og ritari
- ▶ Eydís Þ. Indriðadóttir, meðstjórnandi
- ▶ Guðrún Elín Pálsdóttir, meðstjórnandi

## ÁRANGUR

### ÁRSINS 2014

Þegar farið er yfir árið 2014 m.t.t. ávöxtunar þá lýtur út fyrir að árangur ársins verði vel viðunandi. Markaðir voru flestir erfiðir á árinu, sérstaklega má segja að skuldabréfamarkaður hafi verið erfiður lengst af. Síðasti ársfjórðungur ársins hefur

þó verið góður á flestum vígstöðum og því horfir nokkuð vel með niðurstöðu ársins. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um eignir og ávöxtun en samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri ársins 2014 þá eru heildareignir sjóðsins í árslok um 8,3 milljarðar kr. Til

samanburðar þá námu heildareignir sjóðsins í árslok 2013 tæplega 7,8 milljarðar kr. Áætluð ávöxtun ársins 2014 á kaupkröfu er um 5,9%. Áætluð raunávöxtun ársins á kaupkröfu er 4,8%.

## HAFNA ÞÍN IÐGJÖLD

### SKILAÐ SÉR?

Á meðfylgjandi yfirliti sérðu iðgjaldahreyfingar þínar á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 auk upplýsinga um ávöxtun og inneign. Sjóðfélagar eru hvattir til að bera saman launaseðla sína og yfirlit til að ganga úr skugga um hvort iðgjaldagreiðslur skv. launaseðlum

hafi skilað sér til sjóðsins. Vanti iðgjaldagreiðslur á yfirlitið borgar sig að kanna sem fyrst hvernig á því stendur og fá úr því bætt, t.d. með því að hafa samband við launagreiðanda eða Lífeyrisþjónustu Arionbanka. Ábyrgð Ábyrgðarsjóðs launa getur fyrnst ef ekki er brugðist við

## HEFUR ÞÚ SKIPT UM

### STARF NÝLEGA?

Ef þú hefur skipt um launagreiðanda nýlega hvetjum við þig til að kynna þér sérstaklega hvort iðgjöld séu að skila sér í réttan séreignarsjóð, t.d. með því að skoða meðfylgjandi yfirlit eða yfirlit í Netbanka Arion banka. Það er á þína ábyrgð!

# BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA



Breytingar voru gerðar á nokkrum greinum samþykktu sjóðsins á ársfundi nú í maí sl. Nýjar samþykktir sjóðsins hafa nú verið staðfestar af Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Breytingarnar stafa einkum af samræmingu við lög og varða m.a. framkvæmd endurskoðunar og skipan endurskoðunarnefndar og breytingu á skiladagsetningu tryggingafræðilegrar athugunar. Jafnframt er um að ræða breytingu á 8. kafla samþykktu sjóðsins, þar sem fjallað er um fjárfestingar.

Þar er tekin upp almenn tilvísun til 5. mgr. 36. gr. laga um fjárfestingar lífeyrissjóða og felldar niður greinar í kaflanum eftir því sem við á. Loks er áréttað um möguleika og aðstæður til endurhæfingar sjóðfélaga og ef aðstæður sjóðfélaga leyfa. Sjá nánar staðfestar tillögur ársfundar til breytinga á samþykktum sjóðsins og nýjar samþykktir á heimasíðu sjóðsins, [www.lifrang.is](http://www.lifrang.is).

## VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG

### RÁÐGJÖF

Þjónusta við sjóðfélaga og launagreiðendur er:

- Á vefsíðunni [lifrang.is](http://lifrang.is)
- Á skrifstofu sjóðsins Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu, sími 487 5002.
- Á lífeyrithjónusta@arionbanki.is
- Í síma 444 7000

### VEFSÍÐA SJÓÐSINS

Allar helstu upplýsingar um sjóðinn má nálgast á [lifrang.is](http://lifrang.is), ásamt fréttum af því sem er á döfinni hjá sjóðnum.

### GAGNSÆI Í FJÁRFESTINGUM

Ítarlegar upplýsingar um eignaskiptingu einstakra leiða eru á [lifrang.is](http://lifrang.is)

### INNHEIMTUÞJÓNUSTA

Í boði er virk innheimtuþjónusta vegna vangreiddra iðgjalda af hálfu launagreiðanda.

### STAÐAN MÍN

Þú getur séð yfirlit yfir stöðu og hreyfingar í Netbanka Arion banka á [arionbanki.is](http://arionbanki.is). Þú getur sótt um aðgang í næsta útibúi Arion banka gegn framvísun persónuskilríkja.

### AFPÖNTUN PAPPÍRSYFIRLITA

Í Netbanka Arion banka er hægt að afpanta póstsend pappírskyfirlit. Hafi sjóðfélagi aðgang að netbankanum getur hann einnig afpantað pappírskyfirlit með því að hafa samband í síma 444 7000.

### LÍFEYRISGÁTTIN

Í Netbanka Arion banka hefur þú aðgang að Lífeyrisgáttinni en hún opnar þér sýn á öll lífeyrisréttindi sem þú hefur áunnið þér á starfsævinni í samtryggingarsjóðum.



Arion banki er rekstraraðili sjóðsins